

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 141/2004**

**frá 29. október 2004**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2004 frá 24. september 2004 <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/130/EB frá 30. janúar 2004 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Vicia faba* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/401/EBE <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/164/EB frá 19. febrúar 2004 um breytingu á ákvörðun 2004/130/EB þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Vicia faba* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/401/EBE <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/297/EB frá 29. mars 2004 þar sem Tékklandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu er heimilað að fresta beitingu tiltekinna ákvæða tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar markaðssetningu á fræi tiltekinna yrkja <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 32. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/329/EB) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn:

- „33. **32004 D 0130:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/130/EB frá 30. janúar 2004 þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Vicia faba* L. sem fullnægir ekki kröfum í tilskipun ráðsins 66/401/EBE (Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2004, bls. 32), eins og henni var breytt með:
- **32004 D 0164:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/164/EB frá 19. febrúar 2004 (Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 77).
34. **32004 D 0297:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/297/EB frá 29. mars 2004 þar sem Tékklandi, Eistlandi, Litháen, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu er heimilað að fresta beitingu tiltekinna ákvæða tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar markaðssetningu á fræi tiltekinna yrkja (Stjtíð. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 66).“

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 15 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 37, 10.2.2004, bls. 32.

<sup>(3)</sup> Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 77.

<sup>(4)</sup> Stjtíð. ESB L 97, 1.4.2004, bls. 66.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/130/EB, 2004/164/EB og 2004/297/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Kjartan Jóhannsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.